

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Ritrýnd grein birt 31. desember 2012

Ástríður Stefánsdóttir

Hvernig ber að skilja sjálfræði?

Á undanförunum áratugum hafa mannréttindi og jafn réttur allra hópa til þeirra gæða sem samfélagið hefur upp á að bjóða öðlast æ þýðingarmeiri sess. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er dæmi um þessa þróun. Fullorðið fólk með fötlun þarf oft að glíma við þá staðalímynd að það sé „eilíf börn“ sem neita megi um þátttöku í samfélaginu. Er samningurinn einmitt settur fram til að styrkja fólk í þeirri baráttu. Sjálfræði er eitt þeirra siðferðilegu gilda sem samningurinn byggist á. Við lögfestingu samningsins á Íslandi þarf að útfæra sjálfræði fatlaðs fólks í íslenskum lögum. Við þá vinnu er mikilvægt að skilningur á hugtakinu sé skýr. Í þessari grein verða ólíkar skilgreiningar á sjálfræðishugtakinu skoðaðar til að fá dýpri mynd af merkingu þess. Skoðað verður hvernig sjálfræði birtist í *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* og hver ætla megi að sé merking hugtaksins í samningnum. Markmið greiningarinnar er jafnframt að sjá hvernig hugmyndin um sjálfræði nýtist sem best í umræðu um mannréttindi og jafnrétti jaðarhópa í samfélaginu.

Höfundur er dósent í hagnýtri siðfræði við Ípróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

How are we to understand autonomy?

In recent decades the emphasis on human rights and equal access to social goods has been increasing. The adoption of *The Convention on the Rights of Persons with Disabilities* is an example of this development. Often people with disabilities have to deal with the stereotypical view that they are “eternal children”, which restricts their participation in society. The aim of the Convention is to acknowledge their rights and counteract these views. Personal autonomy is an important moral value in this discussion, so in the process of structuring new legislation in Iceland based on the Convention it is necessary to have a clear understanding of the meaning of the concept of autonomy. In this article the author introduces different concepts of personal autonomy to facilitate a better insight into its complex meaning. Furthermore, the notion of personal autonomy in the Convention itself will be analyzed and its meaning discussed. The aim of this article is to determine which interpretation of the concept of personal autonomy can best serve to analyze and enhance human rights and equality among marginalized groups in society.

The author is associate professor in applied ethics at the Faculty of Sport, Leisure Studies and Social Education, School of Education, University of Iceland.

Hvað er sjálfræði?

Í kvikmyndinni Billy Elliot segir frá dreng sem á að læra hnefaleika eins og föðurafi hans hafði gert. Hann reynir en finnur sig aldrei í þessari íprótt. Fyrir tilviljun fer hann inn á

ballettæfingu í sama húsi og hnefaleikarnir eru kenndir. Hann byrjar í óþökk föður síns að æfa ballett. Eftir að faðir hans kemst að þessu bannar hann Billy að taka þátt í ballettæfingunum. Vegna eldmóðs og áhuga Billys á dansinum fær hann að lokum sínu framgengt (Brennan, Finn og Daldry, 2000).

Í myndinni sem vísað er til hér að ofan tekur ungur drengur óvænta stefnu í lífinu. Hann ræðst gegn félagslegum viðhorfum og staðalímyndum. Hann hafnar þeim gildum sem ríkja í stétt hans og þeirri ímynd sem fylgir kyni hans. Hann fylgir einvörðungu sinni innri rödd og þrá sem gengur þvert á það sem honum á að finnast. Hugmyndin um einstaklinginn sem sjálfsveru, sem geranda og höfund að eigin lífi endurspeglar í þessari sögu. Það að ráða sér sjálfur, geta tekið eigin ákvarðanir og valið hvernig maður lifir lífinu er kjarni hins siðferðilega hugtaks um sjálfræði. Gjarnan er vísað til sjálfræðis sem hæfileika einstaklingsins til að vera gerandi í eigin lífi. Forsenda þess er þá að búa yfir hæfni til að taka ákvarðanir og ráða yfir mikilvægum þáttum eigin lífs. Vilhjálmur Árnason orðar þetta svo:

Það er ekki hægt að gera viðhlítandi grein fyrir mannlífinu án þess að nota hugtök á borð við *athöfn* og *ákvörðun*, *vilja* og *val*. Öll þiggja þessi hugtök merkingu sína af því að manneskjan er vera sem getur yfirvegað og metið aðstæður sínar og athafnað sig í samræmi við hugmyndir sínar um þær. Það er þetta sem átt er við þegar sagt er að manneskjan sé *sjálfsvera*, það er gerandi með sjálfsvitund og sjálfsmynd. Hún er vera með langanir og vilja, gildismat og tilfinningar sem hafa áhrif á það hvaða stefnu líf hennar tekur.

(Ástríður Stefánsdóttir og Vilhjálmur Árnason, 2004, bls. 13)

Flest viljum við einmitt ráða okkur sjálf og móta líf okkar í samræmi við eigið gildismat. Við viljum jafnframt bera ábyrgð á athöfnum okkar. En hvert er þetta *sjálf* sem á að vera uppspretta athafna og gjörða? Eru athafnir okkar í raun sjálfspottnar í einhverjum skilningi eða verða allar athafnir okkar fyrir tilverknað utanaðkomandi áhrifa? Spurningar sem þessar hafa löngum verið viðfangsefni í klassískri heimspeki og má þar nefna verk bæði Kants og Mills en einnig nútíma fræðimanna (Dworkin, 1988; Meyers, 1989; Frankfurt, 1988). Í þessari grein mun ég fjalla um sjálfræði og rekja nokkrar þeirra hugmynda sem tengjast skilningi á þessu flókna hugtaki. Ég mun jafnframt skoða *Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* sem undirritaður var 30. mars 2007 og leitast við að túlka merkingu hugtaksins í honum. Til að dýpka skilning á sjálfræðishugtakinu byrja ég á að fjalla um tvenns konar hugmyndir um sjálfið. Í framhaldi af því mun ég lýsa þekktri skilgreiningu á sjálfræði sem nefnd hefur verið stigveldiskenning um sjálfræði og gagnrýni sem fram hefur komið á hana. Sú gagnrýni hefur leitt til nýrrar hugsunar um sjálfræði sem sprottin er úr gagnrýni feminista og er kölluð í þessari grein aðstæðubundið sjálfræði (e. *relational autonomy*). Gagnsemi hinna nýju kenninga felst fyrst og fremst í því að þær eru næmar fyrir kúgun og því hvernig staða einstaklinga í samfélaginu getur haft áhrif á sjálfsmynd þeirra og getu til að taka eigin ákvarðanir og fylgja þeim eftir. Ég mun færa rök fyrir því að mikilvægt sé að byggja einmitt á þessum nýja skilningi á sjálfræði þegar *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* er túlkaður. Þetta undirstrikar nauðsyn þess að vinna á valdeflandi máta með fötluðu fólki þegar samningurinn er lögfestur og framkvæmd hans útfærð.

Tvenns konar sjálf

Innan hinnar klassísku heimspekihefðar má rekja þekktustu hugmyndina um sjálfið og sjálfræði til heimspekingsins Immanuel Kants. Kant fjallar um sjálfið sem skynsamlegt og frjálst. Hann lýsir ekki einstaklingsbundnu sjálfi í tíma og rúmi heldur er það algilt (e. *universal*) og tilheyrir hinum innri veruleika (e. *noumenal self*). Það mótast ekki fyrst og fremst af utanaðkomandi áhrifum heldur er val mannsins sjálfsprottið. Hann er frjáls og skynsamur gerandi sem er höfundur verka sinna og ábyrgur gerða sinna (Kant, 1785/

2003; Solomon, 1988). Þessi skilningur á stöðu einstaklingsins hefur víðtæk áhrif á hugmyndir um siðferðið og mótar afstöðu til spurninga eins og hvernig beri að stuðla að jafnrí dreifingu gæða, tryggja jöfn tækifæri og réttláta samfélagsskipan. Sum samfélög eru beinlínis mótuð af þeirri hugmynd að sjálfið sé í raun af þessum toga. Frjálslyndisstefna (e. *liberalism*), sem t.d. er ríkjandi í Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada, sækir til að mynda í þennan hugmyndafræðilega grunn (Sandel, 1984; Kymlicka, 1991). Samfélagsgerðin tekur þá mið af þeirri sýn að „sjálfið“ og þá einstaklingurinn sem lifir í samfélaginu sé óháður félagslegri uppbyggingu samfélagsins. Túlkendur þessara hugmynda Kants telja því að einstaklingurinn mótist ekki fyrst og fremst af samfélaginu heldur fremur fyrir eigin tilverknað og beri ábyrgð á eigin lífi. Áherslan í útfærslu réttláts samfélags verður því á mikilvægi þess að hann hafi fullt frelsi til að móta sína leið til þroska og hamingju í lífinu (Mill, 1859/1978; Rawls, 1971). Þetta leiðir af sér siðferði sem leggur áherslu á réttindi einstaklingsins, persónulegt frumkvæði og jafnrétti (Helwig, 2006).

Eina útfærslu sem hugsanlega mætti rekja til þessarar hugmyndar má lesa út úr tilvitnuðum orðum Margaret Thatcher frá níunda áratug síðustu aldar, þegar hún sagði: „að samfélagið væri ekki til, það væru einungis til einstaklingar og fjölskyldur“ (Rose, 1992, bls. 62). Samkvæmt þeirri hugmyndafræði, sem birtist í orðum Thatcher, er samfélagið ekki sjálfstætt mótunarafl í lífi okkar. Gagnrýndur þessara viðhorfa halda fram öndverðri skoðun. Þeir segja að samfélagið sé ekki einvörðungu summan af einstaklingunum sem þar eru, heldur sé þar einnig einhvers konar þjóðarsál sem hefur áhrif á vitund og hegðun þeirra sem þar búa (Durkheim, 1987). Þessi hugmynd og sýn á samfélagið gerir ráð fyrir gerólíkum skilningi á stöðu einstaklingsins í veruleikanum. Sjálfið sé í raun mótað af umhverfinu og bundið aðstæðum tíma og rúms, félagsstöðu og menningar. Gagnrýnina á hið óháða sjálf má upphaflega rekja til Hegels. Hann setti fram hugmyndir um sjálfið í félagslegu samhengi (Hegel, 1821/1991; Solomon, 1988). Samskonar gagnrýnishugmyndir andspænis frjálslyndisstefnu enduróma síðar hjá samfélagshyggjumönnum (e. *communarians*) á borð við Taylor, MacIntyre, Walzer og Sandel (Sigurður Kristinsson, 1999).

Grunnurinn að kenningum samfélagshyggjumanna er sú sýn að sjálfið sé ávallt í tiltekn- um aðstæðum og beri keim af þáttum eins og félagslegri stöðu og menningu. Sjálfið geti ekki verið tóm, óháð og sjálfsprottið og enginn sé eyland. Þess í stað höfum við öll tengsl hvert við annað og það móti hugmyndir okkar um okkur sjálf. Hér er því vísað í hið félagslega sjálf (e. *social self*) sem andstæðu við hið óháða sjálf (e. *atomic self*). Sjálfið í þessum skilningi hvílir í umhverfinu og er mótað af því. Femínistar hafa aðhyllt þessa túlkun og dregið fram þá mynd að sjálfið hljóti alltaf að vera aðstæðubundið og hugmyndin um hið frjálsa, óháða sjálf sé í raun einungis á færi hins hvíta millistéttarkarlmans sem ekki beri ábyrgð á öðru en sjálfum sér (Meyers, 1999/2010). Við hina félagslegu sýn á sjálfið hverfist siðferðið meira um hugmyndir eins og skyldur og ábyrgð sem vísa til tengsla okkar hvert við annað (Helwig, 2006).

Hér takast í raun á tvenns konar viðhorf. Annars vegar er litið svo á að einstaklingurinn sé frumafli og sá höfundur eigin verka sem lýst er í upphafi. Hins vegar er sú afstaða dregin í efa. Einstaklingnum er þá fremur lýst sem afsprengi umhverfis síns og að hann sé ávallt háður öflum sem hann ræður ekki við. Þegar tekist er á við skilgreiningar á sjálf- ræði þá mótar afstaða okkar til þessara frumspekilegu viðhorfa þær lýsingar sem settar eru fram. Í næsta kafla verður rakin skilgreining á sjálfræði sem hefur haft mikil áhrif á umræðu um hugtakið meðal samtíma heimspekinga. Skilgreiningunni hefur verið lýst sem stigveldiskenningu um sjálfræði. Það sem einkennir skilgreiningar af þessum toga er einmitt að þær gera ráð fyrir getu okkar til að íhuga eigin langanir og taka gagnrýna afstöðu til þeirra. Slík túlkun sem vísar til þess að gagnrýninni hugsun sé beitt bendir einmitt til að við séum í einhverjum skilningi fær um að skapa okkur sjálf og yfirvega stöðu okkar í veruleikanum óháð öðrum.

Stigveldiskenningar

Gerald Dworkin setur fram í kenningu sinni hugmyndina um stigveldi langana (Dworkin, 1988). Hann lýsir kenningunni þannig að hversdagslega löngun megi kalla fyrsta stigs löngun, en svo sé einnig löngun um löngun, sem kalla megi annars stigs löngun. Eðli annars stigs langana sé að þar sé um að ræða yfirvegaða löngun. Við getum með öðrum orðum mótað okkur yfirvegaðan vilja um ákvörðun okkar þar sem við tökum eina löngun fram yfir aðra. Dworkin lýsir kenningu sinni með því að taka dæmi úr grískri goðafræði og vísar í söguna af Odysseifi og Sýrenunum. Ódysseifur beitti þar óvenjulegri aðferð til að komast hjá því lenda í höndum hinna fögru og seiðandi Sýrena sem fram til þessa höfðu hindrað alla sjófarendur sem sigldu milli kletta þeirra (Dworkin, 1988, bls. 14). Í dæminu skipar Ódysseifur mönnum sínum að binda sig við mastur skips síns og leysa sig ekki þrátt fyrir að hann muni brjótast um og biðja um slíkt þegar söngur Sýrenanna fari að hafa áhrif á hann. Skipverjar hlýða Ódysseifi og með þessu móti tekst honum að sigla skipi sínu heilu og höldnu fram hjá Sýrenunum og koma í veg fyrir að þær seiði hann til sín með söng sínum.

Í því dæmi sem hér um ræðir er sú löngun Ódysseifs að láta undan söng Sýrenanna dæmi um fyrsta stigs löngun en hann vill líka sigla skipi sínu heilu heim. Sá vilji hans að koma skipi sínu heilu heim verður sú löngun um löngun sem hann vill að ráði ferð. Það verður því hans annars stigs löngun eða það sem má kalla yfirvegaða löngun. Dworkin lýsir því hér að löngun Ódysseifs til að nálgast Sýrenurnar sé í raun ekki hluti af honum sjálfum, með því að láta leggja sig í bönd og hindra frelsi sitt fær hann hjálp til að fylgja sínum innri vilja. Dworkin heldur því fram að með því að líta einungis á einfalda löngun mannsins hverju sinni sem raunverulegan vilja hans séum við að líta framhjá hinum mikilvæga eiginleika sem maðurinn hefur til að yfirvega eigin langanir og leggja mat á þær. Sjálfræði einstaklings felst að mati Dworkins í þeim hæfileika að geta yfirvegað gagnrýnið og án ytri þvingana sínar fyrsta stigs langanir og þeirri hæfni að geta samsamað sig þeirri löngun sem er í samræmi við þá yfirveguðu löngun og þau yfirveguðu gildi sem maður kann að ala með sér eða búa yfir.

Þótt stigveldiskenning Dworkins hafi haft mikil áhrif á skilgreiningar á sjálfræði hefur hún engu að síður verið gagnrýnd. Eitt af þeim skilyrðum sem Dworkin setur kenningu sinni er að hún gæti hugmyndafræðilegs hlutleysis. Í því felst að hann skilgreinir sjálfræði án nokkurrar tilvísunar í gildismat og inntak þeirra langana sem manneskjan kann að búa yfir. Ekki sé í þeim efnum rétt að taka eitt gildismat eða eina löngun fram yfir aðra þegar tekin er afstaða til sjálfræðis einstaklingsins. Sigurður Kristinsson gagnrýnir þessa skoðun Dworkins (Sigurður Kristinsson, 1999). Hann bendir á, með því að setja fram gagnðæmið um þrælinn Fötmu Mint Mamadou, að það sé andstætt innsæi okkar að sjálfræði geti ávallt verið óháð inntaki langana:

... Eftir að atvik höguðust þannig að hún losnaði úr ánauðinni sagðist hún líta svo á að ambáttarlíf væri hennar eðlilega hlutskipti í lífinu: „Guð skapaði mig til að vera ambátt, rétt eins og hann skapaði úlfaldann til að vera úlfalda,“ segir hún hljóðláttri röddu. Þó hún njóti nú formlegs frelsis lítur hún enn á sig sem ambátt. Hún hefur enga löngun til annars en að hlýða öðrum í blindni.

(Sigurður Kristinsson, 1999, bls. 100–101)

Þar sem kenning Dworkins gerir kröfu um hugmyndafræðilegt hlutleysi gæti Fatma alið með sér þá yfirveguðu löngun að vera þræll og væri þá samkvæmt stigveldiskenningunni sjálfráða þegar hún samsamar sig þeirri hugmynd að hún sé þræll og breytir sem þræll. Hér bendir Sigurður á að það sé algerlega andstætt ígrunduðum hugmyndum okkar um sjálfræði að líta svo á að Fatma sé sjálfráða. Ástæða þess sé fyrst og fremst sú að gildismat hennar samrýmist ekki gildismati sjálfráða manneskju þar sem inntak langana hennar

og gildismats byggir á því að hlýða annarri manneskju í blindni. Sigurður sýnir hér fram á að skilgreiningar á sjálfræði sem eru einungis formlegar og líta alveg framhjá inntaki og gildismati hafa þann ókost að kúgun geti verið til staðar eins og í dæminu um þrælinn, án þess að kenningin um sjálfræði sé næm á kúgunina. Kúgun getur þó einnig verið til staðar þótt tekið sé tillit til inntaks og gildismats langana. Með því að halda því fram að sumar skoðanir séu í einhverjum skilningi betri eða réttari en aðrar felst hættu á fordómum og skorti á umburðarlyndi gagnvart sjónarmiðum annarra.

Höfundar eins og Dworkin (Dworkin, 1988; Frankfurt, 1988) reyna einmitt að komast hjá því að láta inntak og gildismat skipta máli í skilgreiningum sínum til að forðast slíka kúgun. Vandí þessa umburðalyndis er þó að í skjóli þess getur einnig falist kúgun eins og Sigurður bendir á með gagndæmi sínu. Sigurður útfærir kenninguna um sjálfræði til að komast hjá þessum galla og tengir hugmyndina um lágmarkssjálfræði við hæfileikann til að breyta skynsamlega. Hann heldur því fram að Fatma breyti án sjálfræðis vegna þess hún noti ekki að „neinu leyti hæfileika sinn til þess að ákveða út frá eigin löngunum, markmiðum, skoðunum og svo framvegis“ (Sigurður Kristinsson, 1999, bls. 113). Hér varpar Sigurður fram hugmyndinni um lágmarkssjálfræði sem hæfileika er byggist á skynsemi. Í gagnrýni sinni á kenningu Dworkins tekur hann undir mikilvægi þess að geta íhugað eigin langanir en bendir á að ekki sé nóg að krefjast einungis formlega sjálfstæðrar íhugunar heldur sé nauðsynlegt að krefjast þess að fram fari gagnrýnin íhugun, sem gerir kröfu um skynsemi og gagnrýna hugsun.

Sigurður færir hér rök fyrir því að kenningar um sjálfræði geti ekki verið einvörðungu formlegar heldur verði þær að vísa til inntaks. Má sjá margt líkt með hugmyndum hans og hugmyndum Kants þar sem í báðum tilfellum er kveðið á um nauðsyn þess að beita skynsemi til að hafa sjálfræði. Þar sem Sigurður vísar til mikilvægis þess að huga að inntaki og gildismati, virðist hann taka þá afstöðu að slíkt verði að vega og meta á gagnrýninn hátt og af skynsemi, og taka þá jafnframt afstöðu til gildismats, sem eins og hjá þrælum, geti ekki verið í samræmi við sjálfráða ákvarðanir og gjörðir. Hann virðist þó ekki telja að slík kenning um sjálfræði þurfi að byggjast á aðstæðubundnu sjálfi, heldur vísar hann til getu okkar til að beita innra sjálfi til að gagnrýna og yfirvega stöðu okkar. Í báðum þessum skilgreiningum á sjálfræði sem hér eru settar fram er gert ráð fyrir að í okkur búi einhvers konar innri mælikvarðar til að yfirvega gjörðir okkar, ýmist í samræmi við langanir eða með því að við notfærum okkur lögmál skynseminnar. Kenningarnar taka á hinn bóginn ekki afstöðu til þess á hvern hátt við þróum með okkur þessa innri mælikvarða heldur virðast þær gera ráð fyrir þeim frá byrjun og þær eru og virðast alltaf hafa verið til staðar án þess að kenningarnar skýri tengsl þeirra við okkar ytra umhverfi. Í næsta kafla mun ég snúa mér að annars konar skilgreiningum á sjálfræði sem leggja til grundvallarsýnina á hið aðstæðubundna sjálf en þar er lagt út frá hugmyndum um það á hvern hátt hið ytra umhverfi okkar mótar sjálfið og okkar „innri mælikvarða“.

Aðstæðubundnar kenningar um sjálfræði

Eina mikilvægustu gagnrýni sem fram hefur komið á frjálslyndar hugmyndir um sjálfræði, eins og stigveldiskenningar og kenningu Kants, má rekja til hugmynda femínista. Þeir eru sammála þeirri sýn samfélagshyggjumanna (e. *communitarians*) að ekki sé rétt að líta á sjálfið sem óháð og einangrað fyrirbæri. Með því að telja einstaklinginn þannig óháðan öðrum persónum og öflum samfélagsins sé augum lokað fyrir mikilvægum þáttum veruleikans eins og umönnun og ábyrgð; stöðu og veruleika barna, aldraðra og fatlaðs fólks; svo dæmi séu tekin. Þá sé einnig litið framhjá þáttum sem móti okkar félagslegu sjálfsmynd, t.d. kyngervi, kynhneigð, kynþætti, stétt, stöðu, aldri o.s.frv. Meyers gagnrýnir hugmyndina um hið óháða sjálf og bendir á að enginn virðist samkvæmt þeirri hugmynd hafa fæðst eða notið uppeldis þar sem mæðurnar sem fæddu þá og ólu önn fyrir þeim eru ekki hluti af hugmyndinni um sjálfið (Meyers, 1999/2010). Hún dregur hér athyglina að þeirri

staðreynd að ekki sé hægt að gera grein fyrir sjálfinu án þess að taka tilurð og uppruna þess inn í myndina. Hún heldur áfram og lýsir því þannig að slíkt sjálf sé, að því er virðist, búið eins konar „sjálfvirkum upphafsþúnaði“ byggðum á alfrjálsum vilja sem geti sett sér markmið og tekist á við skynsamleg verkefni. Samkvæmt þeim kenningum sé eins og enginn hrörni þar sem tíminn sé ekki til né heldur okkar líffræðilegu eiginleikar. Við erum heldur ekki háð neinum, hvorki við upphaf lífs né við lok lífs. Öll okkar tengsl við aðra eru þá jafnframt valin að okkar eigin ósk og samskipti eru þar frjáls og óhindruð. Femínistar benda á að þessi sýn sé hvoru tveggja óraunhæf og óraunsæ (Meyers, 1999/2010). Jafnframt bendir Meyers á að hið „Kantíska sjálf“, sem fyrst og fremst smætti siðferðisveruna niður í hæfileikann til að beita skynsemi, sé blint á hugmyndir um kerfislegt vald og undirgefni. Eina leiðin til að greina þá þætti og þar með vinna gegn þeim sé að skilja sjálfíð á annan máta þannig að tilfinningar okkar og margbreytileiki sé viðurkenndur ásamt því félagslega samhengi sem við búum í. Ef lítið sé fram hjá þessu verði hið eiginlega sjálf ekki búið þeim hæfileika að geta komið auga á og náð að verjast fordómum sem rekja má til menningar eða ólíks gildismats (Meyers, 1999/2010).

Hér mætti jafnframt velja því fyrir sér hvort hugmynd Sigurðar um lágmarkssjálfbræði, sem kynnt var hér að framan og byggist einvörðungu á tilvísun í gagnrýna hugsun og skynsemi, dugi til að leggja mat á hvort langanir og gildismat séu eins og búast má við af sjálf ráða manneskju. Slík hugmynd sem hvorki virðist hafa skírskotun til ímyndunarafis og tilfinninga né uppeldis, tengsla og félagslegrar stöðu væri samkvæmt hugmyndum femínista dregin í efa. Samkvæmt þeirra gagnrýni er hæpið að nægjanlegt sé að vísa einungis í gagnrýna hugsun og skynsemi til að gera grein fyrir fyrirbærum eins og innri kúgun. Með innri kúgun er vísað til þess þegar einstaklingurinn sættir sig við aðstæður sem eru óviðunandi og telur sig ekki eiga neitt betra skilið eins og var í dæmi Sigurðar um þrælinn Fötmu sem býr yfir hugmyndum þrælsins um að hún sé þræll og eigi að vera þræll, þess vegna hafi hún einfaldlega ekki löngun til að vera annað en þræll. Ef innri mælikvarðar hinnar sjálfráða ákvörðunar Fötmu eru á einhvern máta aðskildir frá tilfinningum hennar eins og ótta, ást og hatri og hún býr ekki yfir getunni til að sjá sig í öðrum aðstæðum og þar með í annars konar félagslegu og menningarlegu samhengi má draga í efa að hún geti metið inntak langana sinna og varist innri kúgun. Annað dæmi um innri kúgun má sjá í skrifum Meyers þar sem hún vitnar í Bartky og Babbitt sem halda því fram að algengt sé að konur skoði sjálfa sig í ljósi þess að þær séu konur og dragi þar með úr væntingum sínum og geri að sínum kvenleg markmið sem ekki séu jafngild hinum karllægu markmiðum. Konur tileinki sér gildi feðraveldisins sem geri ráð fyrir því að konur séu viðföng en ekki gerendur. Þessi markmið verði þar með hluti af hugsunum, tilfinningum og hvötum sjálfsins (Meyers, 1999/2010). Þessi sýn dregur úr sjálfsvirðingu þeirra og takmarkar möguleika þeirra í lífinu og þar með hindrar hún sjálfbræði þeirra.

Kenningar um aðstæðubundið sjálfbræði (e. *relational autonomy*) eru leið til að setja fram skilgreiningu á sjálfbræði sem mæta ofangreindri gagnrýni á frjálsslyndar kenningar um sjálfbræði. Ögrunin sem kenningasmiðir femínista standa frammi fyrir snýst um hvort hægt sé að smíða kenningu um persónulegt sjálfbræði frá sjónarhóli femínisma, sem er næm á þá kúgun sem verið er að vinna gegn (Mackenzie og Stoljar, 2000). Lausnin sem þær benda á felst í því að grundvalla hugmyndina á aðstæðubundnu sjálfi í stað þess að líta á sjálfíð sem einangrað fyrirbæri, óháð aldri, kyni og menningu. Aðstæðubundið sjálfbræði er eins konar regnhlífarhugtak, því út frá þessari grunnhugmynd hafa verið settar fram nokkrar ólíkar hugmyndir um sjálfbræði (Mackenzie og Stoljar, 2000). Kenning af þessum toga þarf að gera ráð fyrir því að einstaklingar séu til í tilteknum aðstæðum og sjálfskilningur þeirra myndist í félagslegum tengslum og sé umfram allt mótaður af félagslegum þáttum.

Megin áherslan í þessari nálgun er að greina þau áhrif sem tengsl á milli einstaklinga og hinnar félagslegu víddar sjálfsins hafa fyrir sjálfsmyndina og hugmyndina um persónulegt sjálfræði og pólitíska virkni (Mackenzie og Stoljar, 2000). Jafnframt hafa skilgreiningar af þessu tagi lagt áherslu á að útskýra betur eiginleika hins sjálfráða geranda. Við þurfum samkvæmt þessum kenningum að skilja hvernig og hvers vegna gerendur eru bæði sálrænt og félagslega ólíkir. Þær kenningar sem hér um ræðir ganga út frá því að þar sem sjálfið sé í aðstæðubundnum veruleika þá verði það fyrir áhrifum og sé í stöðugri mótun. Lítið er á sjálfræðið sem hluta af ferli þar sem einstaklingurinn er í samspili við umhverfið. Það verður því ekki þröskuldshugtak fyrir sérhverja athöfn þar sem við erum annað hvort „sjálfráða“ eða „ekki sjálfráða“ heldur ber að líta á sjálfræði sem hæfileika sem við getum búið yfir í mismiklum mæli. Jafnframt er lögð á það áhersla að það séu verðmæti fyrir einstaklinginn að hafa þennan hæfileika í ríkum mæli. Kenningarnar hafa beint athyglinni að áhrifum umhverfisins á sjálfræði og þannig lagt áherslu á tengslin milli sjálfskilnings gerandans, félagslegs umhverfis hans og hæfninnar til sjálfræðis.

Margar aðstæðubundnar kenningar um sjálfræði rannsaka því tengslin á milli sjálfræðis og til að mynda hugmynda okkar um sjálfsvirðingu og sjálfstraust. Þær leitast við að skilja gerandann sjálfan betur og gera kröfu um að við endurskoðum hugmyndir okkar um þætti á borð við sjálfskilning og gagnrýna yfirvegun sem eru lykilhugmyndir í flestum kenningum um sjálfræði (Mackenzie og Stoljar, 2000). Kenningarnar greina jafnframt á hvern hátt félagsleg kúgun getur grafið undan sjálfræði en það getur meðal annars orðið þar sem langanir, þrár, trú og tilfinningaleg viðhorf einstaklings mótast í gegnum sýn hans á sjálfan sig og vegna áhrifa menningar og samfélags. Kúgunin getur einnig orðið vegna takmarkaðra möguleika einstaklingsins til að þroska þá hæfni sem nauðsynleg er til að vera sjálfráða. Má hér nefna getuna til þess að yfirvega stöðu sína, setja sér markmið og þekkja sjálfan sig. Jafnframt getur kúgunin orðið vegna takmarkaðrar getu einstaklingsins til að bregðast við löngunum sínum og taka sjálfráða ákvörðun. Þar geta átt í hlut hindranir eins og félagsleg viðmið og samskipti við aðra einstaklinga sem beinlínis takmarka raunhæfa valkosti einstaklingsins (Mackenzie og Stoljar, 2000).

Gildi þess að skilgreina sjálfræði aðstæðubundið felst ekki einvörðungu í því að með því má greina ákveðna tegund kúgunar, sem hinar frjálsslyndu kenningar geta verið blindar á, heldur sýnir hún einnig leiðir til að hindra og aflétta slíkri kúgun. Umræðan um sjálfræði hverfist því ekki einvörðungu um það hvernig einstaklingurinn tekur ákvörðun sína heldur dregur hún einnig fram mikilvægi þess að búa í umhverfi sem gerir hverju og einu okkar kleift að rækta sjálfræði sitt. Einmitt slík hugsun er sérstaklega mikilvæg þegar hugað er að aðstæðum fatlaðs fólks.

Í næsta kafla verður sjónum beint að *Samingi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* og á túlkun sjálfræðis í samningnum. Sérstaklega verður hugað að því hvaða skilningur er þar lagður í hugtakið og hvaða áhrif sá skilningur hefur á stöðu fatlaðra.

Sjálfræði, mannréttindi og ábyrgð

Í formálsorðum *Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* segir að allir menn eigi tilkall til frelsis og mannréttinda. Jafnframt viðurkennir sáttmálinn þá staðreynd að fatlað fólk verði fyrir ýmis konar mannréttindabrotum sem hindra fullgilda þátttöku þess í samfélaginu. Því þurfi að grípa til sérstakra aðgerða til að tryggja fulla þátttöku, jöfn tækifæri og virkni fatlaðs fólks í samfélaginu og að í þessu felist viðurkenning á sjálfræði þeirra og sjálfstæði. Það hafi frelsi til að taka eigin ákvarðanir og skuli eiga virka aðild að ákvarðanatöku og stefnumótun sem varðar líf þess með beinum hætti. Bent er á að ríkin sem að samningnum standa geri sér grein fyrir þeim réttindum sem allir eigi að njóta og vandanum sem felst í því að fatlað fólk eigi ekki hlutdeild í þeim. Þau viðurkenna einnig þá ábyrgð sem að þeim snýr og skyldu til að vinna gegn því misrétti. Rétt er að draga

athyglina að mikilvægi þess í yfirlýsingunni að ríkin viðurkenna ábyrgð sína og að hún felist í því að sjá til þess að ekki séu tálmanir í samfélaginu sem hindra fatlað fólk í að ná þessum markmiðum. Gengið er út frá þeirri sýn að fatlað fólk búi við skerta getu að einhverju leyti en að það séu tálmanir í samfélaginu sem hindri fullgilda þátttöku þess og virkni. Hér endurspeglast sú hugmynd að það sé ekki einvörðungu einstaklingurinn sjálfur, eða upplag hans, sem er orsök þess að virkni hans er skert. Orsökina liggur í umhverfinu og þar með ábyrgðin á að gera samfélagsþátttöku hans mögulega. Þetta samrýmist hinni félagslegu sýn á fötlun (Rannveig Traustadóttir, 2009; Sameinuðu þjóðirnar, 2007).

Fræðimenn á sviði fötlunarfræða sem fjallað hafa um samninginn draga einmitt fram að í honum sé lögð sterkari áhersla á mikilvægi þess fyrir fatlað fólk að ryðja félagslegum hindrunum úr vegi en í öðrum mannréttindasamningum (Rannveig Traustadóttir, 2009). Samningurinn gengur út frá því að fatlað fólk sé ekki sjálfu sér nægt heldur eigi rétt á framlagi frá samfélaginu til að ná fram grundvallarréttindum sínum. Í þessu felst ákveðin nýjung í mannréttindamálum. Þau eru ekki fyrst og fremst til að verja „hinn sjálfum sér næga“ sjálfráða einstakling gegn afskiptum ríkisins, heldur er það viðurkennt að við erum öll í tengslum hvert við annað og erum háð framlagi frá ríkinu til að geta notið nauðsynlegra samfélagsgæða (O’Cinneide, 2009; Sameinuðu þjóðirnar, 2007). Þessi sýn á réttindi þar sem ríkinu ber að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér þau gæði, sem samfélagið býður upp á, byggist á hugmyndum um gagnkvæm tengsl okkar og ábyrgð hvert á öðru. Hér liggur því til grundvallar hliðstæð sýn á stöðu einstaklingsins í samfélaginu og sú sem birtist í hugmyndum um aðstæðubundið sjálfræði.

Ef einstakar greinar samningsins eru skoðaðar má sjá hvernig sá skilningur á sjálfræði og á stöðu einstaklingsins í samfélaginu sem ræddur er að ofan birtist. Í meginreglum samningsins kemur fram virðing fyrir meðfæddri göfgi, sjálfræði og þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir (3. gr.) og má líta á þá grein sem ákveðinn útgangspunktur og yfirlýsingu um að öllum beri sami réttur. Til að tryggja virkni fatlaðs fólks og ryðja hindrunum úr vegi er meðal annars tekið fram mikilvægi þess að stuðla að vitundarvakningu (8. gr.) þar sem unnið er gegn staðalímyndum og mismunum og að frelsi til tjáningar, atvinnu og menntunar sé tryggt. Lögð er áhersla á að auka tilfinningu allra fyrir eigin verðleikum, að fatlað fólk fái tækifæri til að fullþroska persónuleika sinn (24. gr.) og búa við viðunandi líf skjör (28. gr.). Þar með er viðurkennt mikilvægi aðstæðna í umhverfi til að fatlað fólk geti þroskast og búið við líf skilyrði og tækifæri til jafns við aðra.

Þeir þættir sem hér er minnst á ríma vel við umfjöllunina að framan um mikilvægi sjálfsvirðingar og sjálfskilnings fyrir sjálfræði. Ytri aðstæður geta ráðið því hvort tekst að öðlast sjálfræði til jafns við aðra og koma í veg fyrir innri kúgun. Ennfremur dregur samningurinn fram atriði eins og mikilvægi þess að tryggja gott aðgengi bæði í ferlimálum en einnig að upplýsingum, menntun (9. gr.) og almennt jafnri þátttöku á öllum sviðum mannlífsins (5. gr.). Áhersla er þar einnig á lýðræðislega þátttöku (29. gr.). Það er viðurkennt að með því að skapa umhverfi þar sem fatlað fólk fær jöfn tækifæri á við aðra til þátttöku, sjálfskilnings og þroska megi koma í veg fyrir kerfisbundna mismunum og stuðla að auknu jafnrétti. Sérstalega ber að nefna í þessu tilliti 12. gr. sáttmálans en þar er kveðið á um réttarstöðu fólks með fötlun til jafns við aðra. Efni þessarar greinar snýst um „gerhæfi“ einstaklinga, sem umorða má sem „hæfi til að ráða sér og réttindum sínum sjálfur“. Mikilvægi þessarar greinar felst í því að hér er lögð áhersla á að það sé meginregla, sem gengið er út frá, að fatlað fólk hafi þessa hæfni til jafns við aðra. Þeir þurfi ekki að sanna sig til að öðlast þennan rétt. Jafnframt er í greininni lögð áhersla á að fatlað fólk eigi rétt á aðstoð til að geta nýtt gerhæfi sitt (Sameinuðu þjóðirnar, 2007). Þótt túlkun 12. gr. sé umdeild (Dhanda, 2007) þá er ljóst að með því að ganga út frá því að fatlað fólk sé gerendur í eigin lífi sem rétt eigi á aðstoð samfélagsins til að geta notið jafnræðis er sett fram ný sýn á réttindi og stöðu fatlaðs fólks. Slíka sýn má undirbyggja siðferðilega með tilvísun í að-

stæðubundið sjálfræði, þar sem slík skilgreining á sjálfræði viðurkennir þátt umhverfisins sem einstaklingurinn hvílir í sem forsendu þess að hann geti náð fullum þroska og mótað líf sitt eftir eigin gildismati.

Þótt *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* sé fyrst og fremst mannréttindasáttmáli sem hefur það að markmiði að standa vörð um hefðbundin mannréttindi fatlaðs fólks á sama hátt og allra annarra þá eru, eins og hér hefur verið rakið, í honum þau nýmæli að ganga jafnframt út frá sameiginlegri ábyrgð okkar á að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem koma í veg fyrir að hvert og eitt okkar sé virt að verðleikum til jafns við aðra. Því til grundvallar liggur hugmyndin um að við lifum ekki einöngruðu lífi heldur í órofa tengslum við annað fólk, sem aftur rímar vel við hugmyndir um aðstæðubundið sjálfræði. Þær ganga út frá því að hæfileiki okkar til að þroskast sem sjálfráða einstaklingar verði til í samfélagi með öðrum í gegnum samskipti sem móta sjálfsmynd okkar og sjálfsvirðingu. Þar með draga kenningar um aðstæðubundið sjálfræði fram mikilvægi þess að til að einstaklingurinn nái að þroska með sér þann hæfileika, sem sjálfræðið er, þá verði hann að búa við skilyrði sem efla hann að þessu leyti. Jafnframt skapar kenningin forsendur til að greina innri kúgun og skýrir hvers vegna sjálfræði þeirra sem búa við slíkt getur verið skert þó að þeir virðist hafa fulla getu til að taka ákvarðanir án íhlutunar annarra. Hún ítrekar jafnframt mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða til að fólk geti þroskast og styrkt sjálfræði sitt. Kenningin er því næm á vanda þeirra hópa í samfélaginu sem búa við kúgun og skertan aðgang að gæðum samfélagsins og greinir þær lausnir sem þörf er á að beita. Það er einmitt vegna þessara þátta sem mikilvægt er að vísa til hins aðstæðubundna skilnings á sjálfræði við túlkun á samningnum, ef hugmyndafræði hans á að komast til skila.

Þó að tengsl sjálfræðis og ábyrgðar hafi ekki verið megin umfjöllunarefni þessarar greinar er mikilvægt að drepa á tengslin á milli þessara tveggja hugtaka. Almennt er talið að persónulegt sjálfræði sé grundvöllur siðferðilegrar ábyrgðar (Arpaly, 2005). Í fyrstu mætti ætla að hugmyndin um aðstæðubundið sjálfræði væri andsnúin þeirri sýn að við værum í raun ábyrg fyrir lífi okkar og verkum. Kenningin ætti jafnvel erfitt með að gera grein fyrir hinum sjálfráða einstaklingi sem einstaklingi sem gæti tekið ábyrgð á lífi sínu hvað þá annarra. Einmitt sú sýn, þessi siðastnefnda, er afsprengi hugmynda um sjálfræði sem byggjast gjarnan á hugmyndinni um hæfni manneskjunnar til að beita skynseminni og yfirvega stöðu sína (Kant, 1785/2003; Dworkin, 1988). Þær sækja grundvöll sinn í að manneskjan sé frjáls skynsemisvera og sjálfráða gerandi í eigin lífi. Það sé forsenda getu hennar til að bera ábyrgð. Þar sem skynsemin er hér gerð að lykilhugtaki hefur þessi útgangspunktur grafið undan sjálfræðishugtakinu í umræðu um líf og réttindi fólks með þroskahömlun og jafnframt grafið undan trú á getu þess til að takast á við ábyrgð í lífinu. Í stað þess að skoða sjálfræði þess og þar með ábyrgðarsvið út frá hæfni þess og getu hefur verið tilhneiging til að ákveða fyrirfram að fatlað fólk sé ekki sjálfráða og geti ekki tekist á við ábyrgð. Slíkar kenningar hafa því haft verulegan ágalla sem leið til að fjalla um líf þeirra og stöðu.

Þegar hugmyndin um hið aðstæðubundna sjálfræði er útfærð sést að kenningin lítur ekki fyrst og fremst á hvert og eitt okkar sem einstaklinga með ábyrgð á eigin lífi og gjörðum heldur tekur hún hugmyndina um sjálfræði og ábyrgð lengra þar sem viðurkennd er samábyrgð okkar hvert á öðru og ábyrgð okkar á að skapa öllum viðunandi þroskaskilyrði. Slík nálgun er mun hentugri í umræðum og umfjöllun um sjálfræði og ábyrgð fatlaðs fólks. Með því að beita aðstæðubundnum skilgreiningum á sjálfræði má sjá stöðu þess í nýju samhengi og hugtakið getur nýst til að greina betur sjálfræði þess og ábyrgðarsvið sem við þá viðurkennum að geti verið breytilegt í hverju og einu tilviki. Í *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* er einmitt gengist við þessari gagnkvæmu ábyrgð okkar, sem ganga verður út frá að allt fatlað fólk eigi einnig aðild að. Þar segir í formálsorðum:

Ríkin, sem eiga aðild að samningi þessum ...

- w) *sem gera sér ljóst að það er á ábyrgð einstaklingsins sjálfs, sem hefur skyldum að gegna við aðra einstaklinga og samfélag sitt, að berjast fyrir framgangi réttinda, sem eru fólgin í alþjóðaréttarskránni, og því að þau séu virt ...*

(Sameinuðu þjóðirnar, 2007)

Hér er lögð áhersla á gagnkvæma ábyrgð okkar hvert á öðru og á þá sameiginlegu ábyrgð okkar allra að skapa gott samfélag. Við sjáum því hugmyndina um ábyrgð á mun víðari hátt en einvörðungu þann að við berum einungis ábyrgð á eigin lífi. Mannréttindi eru í eðli sínu réttindi sem eiga við um alla. Þau eiga við um alla ekki aðeins í þeim skilningi að allir eigi að njóta þeirra heldur einnig í þeim skilningi að ef þau eru brotin á einum einstaklingi þá er það ekki einkamál hans heldur málefni allra (Beitz, 2009). Í þessum anda eru þessar setningar settar fram. Fatlað fólk býr gjarnan við þá sýn annarra í samfélaginu að það geti ekki ráðið við þau verkefni sem það stendur frammi fyrir. Með þeirri sýn er verulega vegið að sjálfsmynd þess og sjálfstrausti og þar með grafið undan sjálf-ræði þess og getu til að takast á við þá ábyrgð sem því tilheyrir. Samningurinn er einmitt settur fram til að vinna gegn þessu og tryggja rétt fatlaðs fólks til að öðlast þá viðurkenningu að það sé fullgildir meðlimir þessa samfélags algerlega til jafns við aðra og gera eigi þá kröfu til þess að það taki þá ábyrgð sem það ræður við. Ef litið er svo á að ábyrgð sé útfærð í samstarfi þá getur ábyrgðarsvið einstaklinga verið ólíkt allt eftir getu hvers og eins. Frekari útfærslu þessa í sáttmálanum má sjá til dæmis í umfjöllun um ábyrgð á uppeldi barna en þar skuldbinda aðildarríkin sig til að veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar sem uppaldendur barna (Sameinuðu þjóðirnar, 2007, 23. gr).

Sáttmálinn og sú löggjöf sem af honum mun spretta er mikilvæg forsenda þess að fatlað fólk geti öðlast sterka sjálfsmynd, þroskað sjálfræði sitt og tekist á við ábyrgð sína. Til að svo geti orðið er þó nauðsynlegt að við endurskoðum viðteknar hugmyndir um túlkun á tengslum sjálfræðis og ábyrgðar og göngumst við þeirri hugmyndafræði sem lagt er upp með í samningnum.

Niðurlag

Hugmyndin um sjálfræði vísar til frumspekilegs skilnings á stöðu okkar í heiminum. Kenningar um sjálfræði eru margar og umræðan flókin. Margir hafa orðið til þess að gagnrýna hugtakið (Arpaly, 2005; Mackenzie og Stoljar, 2000; May, 2005). Það hefur jafnvel gætt ákveðinna efasemda um að hugtakið nýtist í hagnýtri siðfræði þar sem erfitt sé að skýra til hlítar merkingu þess og útlistunin á hugtakinu sé of margbreytileg. Engu að síður er hugtakið notað í daglegu tali okkar, það er vísað til þess í alþjóðlegum sáttmálum og lögum og sameiginlegur skilningur okkar er sá að hér sé um að ræða mikilvægt siðfræðilegt gildi. Við sleppum því ekki hugmyndinni, við viljum getað vísað til þess undurs, sem verður þegar manneskjan tekur sjálf völdin, að því er virðist gegn sínum félagslegu aðstæðum og mótar stefnuna í lífi sínu eins og Billy Elliott gerði í samnefndri kvikmynd. En við gerum einnig þá kröfu að hugtakið sé nógu næmt til að hægt sé að draga í efa sjálfræði þræls sem lýsir því yfir að hún vilji vera þræll. Þó að kenningar um aðstæðubundið sjálfræði búi ekki yfir þeim eiginleikum að vera tæmandi lýsing á þessu flókna hugtaki þá eru þær engu að síður mikilvægt innlegg í umræðuna um sjálfræði. Í hagnýtri siðfræði og í umfjöllun um jaðarhópa er margt sem bendir til að kenningar um sjálfræði sem vísa til hins aðstæðubundna sjálfs séu gagnlegri en aðrar kenningar sem beitt er. Helstu kostir þeirra eru að þannig má frekar koma auga á kerfislæga kúgun og benda á mikilvægar forsendur þess að búa fólki gott umhverfi þar sem það nær að þroska sitt persónulega sjálfræði. Sú sýn á sjálfræði sem þar er beitt hentar einnig vel til að skoða samfélagslega ábyrgð okkar og til

að fá dýpri skilning á þeirri hugmyndafræði sem liggur til grundvallar mikilvægum mannréttindasamningi eins og *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*.

Heimildir

Arpaly, N. (2005). Responsibility, applied ethics, and complex autonomy theories. Í J. S. Taylor (ritstjóri), *Personal autonomy: New essays on personal autonomy and its role in contemporary moral philosophy*. New York: Cambridge University Press.

Ástríður Stefansdóttir og Vilhjálmur Árnason. (2004). *Sjálfræði og aldraðir: Í ljósi íslenskra aðstæðna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Beitz, C. (2009). *The idea of human rights*. Oxford: Oxford University Press.

Brennan, G., Finn, J. (framleiðendur) og Daldry, S. (leikstjóri). (2000). *Billy Elliot* [kvikmynd]. Hollywood: Universal Studios.

Dhanda, A. (2007). Legal capacity in the disability rights convention: Stranglehold of the past or lodestar for the future? *Syracuse Journal of International Law and Commerce*, 34, 429–462.

Durkheim, E. (1987). *Le suicide: étude de sociologie*. Paris: Alcan.

Dworkin, G. (1988). *The theory and practice of autonomy*. Cambridge: Cambridge University Press.

Frankfurt, H. (1988). *The Importance of What We Care About*. Cambridge: Cambridge University Press.

Hegel, G. W. F. (1991). *Elements of the philosophy of right* (A. Wood og H. B. Nisbet þýddu). Cambridge: Cambridge University Press. Upphaflega kom ritið út 1821.

Helwig, C. H. (2006). „The development of personal autonomy throughout cultures“. *Cognitive Development*, 21, 458–473.

Kant, I. (2003). *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni* (Guðmundur Heiðar Frímansson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. Upphaflega kom ritið út 1785.

Kymlicka, W. (1991). *Contemporary Political Philosophy: An Introduction*. Oxford: Oxford University Press.

May, T. (2005). The Concept of Autonomy in Bioethics; An Unwarranted Fall from Grace. Í J. S. Taylor (ritstjóri), *Personal autonomy: New essays on personal autonomy and its role in contemporary moral philosophy*. New York: Cambridge University Press.

Mackenzie, C. og Stoljar, N. (2000). „Introduction: Autonomy refigured“. Í C. Mackenzie og N. Stoljar (ritstjórar), *Relational autonomy: Feminist perspectives on autonomy, agency, and the social self*. Oxford: Oxford University Press.

Meyers, D. T. (1989). *Self, society, and personal choice*. New York: Columbia University Press.

Meyers, D. (2010, 27. janúar). „Feminist perspectives on the self“. Í E. N. Zalta (ritstjóri), *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Stanford: Stanford University. Upphaflega birt 1999, 28. júní. Sótt af <http://plato.stanford.edu/archives/spr2010/entries/feminism-self/>

Mill, J. S. (1978). *Frelsið* (Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason þýddu). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. Upphaflega kom ritið út 1859.

O'Conneide, C. (2009). Extracting protection for the rights of persons with disabilities from human rights frameworks: Established limits and new possibilities. Í O. M. Arnardóttir og G. Quinn (ritstjórar), *The UN convention on the rights of person with disabilities: European and Scandinavian perspectives*. Boston: Martinus, Nijhoff Publishers.

Rannveig Traustadóttir. (2009). „Disability studies, the social model and legal developments“. Í O. M. Arnardóttir og G. Quinn (ritstjórar), *The UN convention on the rights of person with disabilities: European and Scandinavian perspectives*. Boston: Martinus, Nijhoff Publishers.

Rawls, J. (1971). *A Theory of Justice*. Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press.

Rose, G. (1992). *The strategy of preventive medicine*. Oxford: University Press.

Sameinuðu þjóðirnar. (2007). *Samningur Sameinuð þjóðanna um réttindi fólks með fötlun*. Brussel: Höfundur. Sótt af http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Samningur_fatladra.pdf

Sandel, M. J. (1984). „Introduction“. Í M. J. Sandel (ritstjóri), *Liberalism and its critics*. New York: New York University Press.

Sigurður Kristinsson. (1999). Sjálfræði, löngun og skynsemi. Í Jón Á. Kalmansson (ritstjóri), *Hvers er siðfræðin megnug?* Reykjavík: Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan.

Solomon, R. C. (1988). *continental philosophy since 1750: The rise and fall of the self*. Oxford: Oxford University Press.

Walzer, M. (1983). *Spheres of justice: A defense of pluralism and equality*. New York: Basic Books.



Ástríður Stefánsdóttir. (2012).
Hvernig ber að skilja sjálfræði?
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/003.pdf>